



Heillaóskir
á hálftrar aldar afmæli
Deutsch-Isl. Gesellschaft, Köln
frá forseta Íslands
Ólafi Ragnari Grímssyni

Ég sendi vinum okkar í Köln og lesendum tímaritsins *Ísland* heillaóskir á hálftrar aldar afmæli vinafélags Íslands og Þýskalands í Köln og færi þakkir fyrir margháttaðan stuðning og trúnað við Ísland.

Svo lengi sem heimildir muna sögu Íslands hafa samskipti við Þýskaland skipt miklu; upphaf kristni og þróun kirkju, siðskipti og mótun trúarlegrar menningar, handverk og listir, verslun og viðskipti; á öllum sviðum eru ríkuleg einkenni gagnkvæmra áhrifa. Þýsk skáld og heimspekingar sóttu sér fyrirmyndir og innblástur í norrænar sögur og fornan kveðskap. Þýsk tónlist, ritlist, heimspeki og vísindaleg hugsun hafa markað djúp spor í menningu og þjóðlíf á Íslandi.

Þjóðverjar eru sú þjóð utan Norðurlanda sem best hefur sinnt rannsóknum á fornum norrænum menningararfi; í Þýskalandi voru gefnar út vandaðar útgáfur á Íslendingasögum, konungasögum, eddukvæðum og fornaldarsögum. Þýskir fræðimenn voru brautryðjendur í söfnun þjóðfræðaefnis á Íslandi og í Leipzig var prentað fyrsta íslenska þjóðsagnasafnið, *Þjóðsögur Jóns Árnasonar* í tveimur bindum árin 1862-64.

Við Íslendingar eigum þjóðverjum skuld að gjalda í því efni og öðrum. Íslensk kirkja rekur ættir til Þýskalands og þau tengsl urðu enn sterkari við mótun nýrrar trúarhefðar, bókmennta og tónlistar, í kjölfar siðskipta. Hansakaupmenn voru á erfiðum tíma í sögu þjóðarinnar líflína í verslun okkar við umheiminn og þeir byggðu reyndar einnig fyrstu lúthersku kirkjuna í Hafnarfirði á Íslandi á fyrri hluta 16. aldar.

Þegar Íslendingar voru að stíga fyrstu skrefin í baráttu til sjálfstæðis á fyrri hluta nítjándu aldar sóttu forystumenn hugmyndir og hvatningu í skrif þýskra heimspekinga og ekki síður í þýskan skáldskap. Frumherjar í íslensku tónlistarlífi á fyrri hluta 20. aldar, Jón Leifs

tónskáld, Páll Ísólfsson organisti, Árni Kristjánsson píanóleikari og fleiri, sóttu menntun sína til Þýskalands; við getum t.d. rakið þýska slóð í verkum Jóns Leifs og skynjað togstreituna sem fylgdi dvöl hans á umbrotatímum í Berlin og Leipzig. Höfuðskáld okkar, Halldór Laxness og enn frekar þeir Nonni og Gunnar Gunnarsson voru hagvanir í Þýskalandi og áttu mikil samskipti við þýska rithöfunda og forystufólk í menningarlífi. Íslenskir stúdentar sóttu þekkingu og þjálfun til þýskra háskóla og urðu heimkomnir brautryðjendur í framförum lands og lýðs. Og enn sækja íslenskir námsmenn menntun sína í ríkum mæli til Þýskalands og svo verður vonandi um langan aldur.

Ég hef átt þess kost á umliðnum árum að heimsækja Þýskaland; koma til Greifswald og Bonn, Köln, Düsseldorf og Berlin. Hvarvetna hef ég skynjað þann sköpunarkraft sem einkennir menningarleg samskipti landa okkar; glæsilegar menningar- og listahátíðir eru helgaðar íslenskri list; íslenskir söngvarar eru aufúsugestir í þýskum óperuhúsum; íslenskir rithöfundar hafa eignast milljónir lesenda í Þýskalandi; kvikmyndir, ballett, leikrit og popptónleikar eru árlegir viðburðir í samskiptum okkar. Og sífellt fjölgar þeim ferðalöngum sem hingað leggja leið sína frá Þýskalandi; góðir gestir sem sýna náttúru okkar og menningu lifandi áhuga.

En einna minnisstæðust frá góðum ferðum til Þýskalands var heimsókn í hús Konrads Adenauer í Rhöndorf með Max Adenauer syni kanslarans og barnabarni, frú Bettina Adenauer-Bieberstein konsúl. Á kyrrlátri stund í þessu fræga húsi skynjaði ég í senn mikla sögu og ríka vináttu við Ísland.

Ég sendi ykkur öllum þakkir og heillaóskir frá Íslendingum.